

Ársfundur Kolviðar árið 2013

Skýrsla stjórnar um starfsemi liðins árs.

Þetta er í þriðja sinn sem stjórn Kolviðar heldur ársfund og kynnir störf sín á milli ársfunda og niðurstöður ársreikninga frá fyrra ári að þessu sinni fyrir árið 2012.

Teljum við þetta í anda góðra stjórnarsýsluhátta þó ekki sé hveðið á um það í Skipulagsskrá sjóðsins. Það skiptir Kolviðarsjóðinn miklu að um hann sé sátt og fullt traust til hans um að hann nýti vel það fjármagn sem honum er falið að nýta til gróðursetningar og umhirðu Kolviðarskóga.

Til þess að undirstrika góða starfshætti þá eru verk Kolviðar undir eftirliti Íslenskrar skógarúttektar hvað varðar kolefnisbindingu og ytri endurskoenda og Ríkisendurskoðunar hvað varðar meðferð fjármuna.

Frá síðasta ársfundi hefur starfsemi Kolviðarsjóðsins verið mjög jákvæð.

Í desember 2012 var gerður kolefnisjöfnunarsamningur við Straumhvarf-Arctic Adventures ferðaskipuleggjendur og í maí var gerður samningur við Landsvirkjun og í júní við Landsbankann.

Fyrir var Iceland Spring með sérstakan samning frá árinu 2008.

Í dag ætlum við síðan að undirrita samning við Icelandair Cargo sem er frábrugðin öðrum samningum þar sem þeir koma að gerð samninga við sína viðskiptavini en Mikael Tal mun segja okkur nánar af því á eftir. Einnig munum við ganga frá nýjum samningi við Isafold Travel ehf. og Isak ehf. sem hafa verið mjög duglegir að kolefnisjafna starfsemi sína á liðnum árum.

Þessir samningar geta á þessu ári orðið um kolefnisbindingu á um 2.000 tonn CO₂ sem kallar á plöntun á um 20.000 trjám.

Ég vil nota þetta tækifæri til þess að þakka þessum aðilum fyrir að velja Kolviðarsjóðinn til þess að annast kolefnisjöfnun á starfsemi sinni.

Heimasíðan okkar var orðin úr sér gengin og ekki komist hjá því að hanna nýja síðu. Nýja síðan var opnuð síðla sumars og er verið að ganga frá innsetningu efnis inn á hana. Á móti kostnaði við gerð síðunnar sparast í rekstri hennar.

Frá árinu 2007 höfum við plantað Kolviðarskógi í Geitasand um 160 ha. með um 340.000 plöntum þar af um 15.000 plöntur á liðnu sumri. Plöntunarhæft land á Geitasandi er sem næst fullnýtt og höfum við því leitað eftir nýju landi til plöntunar.

Plönturnar á Geitasandi dafna vel og áhugavert að sjá þær rísa upp úr kolsvörtum sandinum.

Skógræktarfélag Íslands og skátahreyfingin eiga jörðina Úlfjótsvatn og höfum við falast eftir landi þar til gróðursetningar Kolviðarskógar. Hefur því erindi verið vel tekið og verður veturinn nýttur til þess að ganga frá samningum þar að lútandi og til þess að skipuleggja plöntun þar.

Það er mikilvægt að vanda vel til þessara verka því einkenni Kolviðarskógar er að þinglýst er friðun á skóginum í 90 ár á meðan hann er að binda tilskilið magn, að því loknu er hann eign landeiganda.

Ánægjulegt er að samningsaðilar okkar hafa lýst yfir áhuga á að geta nýtt Kolviðarskóginn sem þeir hafa stuðlað að, til útivistar og til að gefa starfsfólki tækifæri til þess að nýta einn dag á ári til

plöntunar. Við munum taka tillit til þessa á Úlfjótswatni og merkja svæðið einnig að koma þar fyrir einhverri aðstöðu til þess að setjast niður. Þetta munum við einnig gera á Geitasandi fyrir næsta sumar.

Það er öllum ljóst að samhliða því að við minnkum fótspor eða sótspor okkar gagnvart andrúmsloftinu þá er þessi plöntun einnig mjög mikilvæg til þess að binda og endurheimta örfoka jarðveg.

Við horfum með mikilli bjartsýni til framtíðarinnar með því að sýna gott fordæmi varðandi minnkun losunar gróðurhúsategunda og landið okkar bíður einnig eftir því að verða klætt skógi eins og það var þegar við tókum við því.

Ég horfi ávallt yfir Mosfellsheiðina frá Lögbergi upp að Hengilsvæðinu þegar ég fer þarna um og velti því fyrir mér hve langan tíma það muni taka að klæða hana skógi, vonandi auðnast mér að sjá fyrstu plöntun á þessu svæði og að afkomendurnir geti farið þangað í skógarferð.

Ársreikningur fyrir árið 2012, helstu tölur

Kolviðarsjóður

	2012	2011
Rekstrartekjur		
Kolefnisjöfnun	2.360	2.287
Rekstrargjöld		
Útlagður kostnaður	-1.377	-3.054
Lækkun skuldbindingar	3.140	3.911
Birgðabreyting	-612	-261
Annar rekstrarkostn.	-1.397	-1.842
	-246	-1.246
Rekstrarhagnaður fyrir fjárm. liði	2.114	1.041
Vaxtatekjur	271	183
Hagnaður ársins	2.385	1.224
Veltufjármunir		
Birgðir	2.361	2.973
Viðskiptakröfur	1.723	992
Handbært fé	11.682	13.049
Veltufjármunir samtals	15.766	17.014
Eigið fé		
Stofnframlag	647	647
Tryggingasjóður	996	878
Óráðstafað eigiðfé	3.543	1.276
Eigið fé samtals	5.186	2.801

Langtímaskuldbindingar	10.405	12.492
Skammtímaskuldir	174	1.720
Eigið fé og skuldir samtals	15.765	17.013

Um sjóðinn gildir líkt og með tryggingarfélög að okkur ber að annast þær plöntur sem við höfum selt og gerum við það með áburðargjöf og íplöntun fyrstu árin en síðan er almenn umsjón með ræktuninni í 90 ár. Tryggja þarf umráðarétt yfir landinu í þann tíma.

Stjórn

Eigendur sjóðsins skipa stjórnarmenn til þriggja ára.

Þeir eru nú frá Skógræktarfélagi Íslands Magnús Gunnarsson form. félagsins og Einar Gunnarsson starfsmaður þess og frá Landvernd eru Guðmundur Ingi Guðbrandsson framkvæmdastjóri félagsins og Hrefna Sigurjónsdóttir stjórnarmaður. Saman skipa þessir aðilar einn óháðann stjórnarmann og skipar Reynir Kristinsson það sæti nú. Fjórir af fimm stjórnarmönnum voru kjörnir á síðasta ársfundi og Einar Gunnarsson hefur setið í tvö ár, því er ekki skipað í stjórn að þessu sinni.

Anna G Sverrisdóttir mun taka sæti Hrefnu Sigurjónsdóttur sem fulltrúi Landverndar.

Endurskoðendur

KPMG hafa verið endurskoðendur sjóðsins og hefur það samstarf gengið vel en það er mikilvægt að vel sé haldið utan um allar skuldbindingar sjóðsins og breytingar á þeim.

Samþykkt hefur verið að KPMG annist endurskoðun sjóðsins fyrir árið 2013.

Ríkisendurskoðun fær reikninga sjóðsins og ber henni að fylgjst með starfsemi hans.

Eftirlit með ræktuninni hefur verið í höndum Einars Gunnarssonar og starfsmanna á Mógilsá.

Fyrirhuguð er uppsetning rannsóknar til að fylgjast með kolefnisbindingunni á Geitasandi.

Reynir Kristinsson, stjórnarform. Kolviðar